



Mannauðsstefna Vestmannaeyjabæjar

Tilgangur

Mannauðsstefna Vestmannaeyjabæjar er byggð á viðhorfum og skoðunum starfsfólks og stjórnenda og unnin í takt við mannauðskannanir og rannsóknir á starfsumhverfinu.

Mannauðsstefnan er vegvísir um áherslur í starfsumhverfinu, hvernig verklagi er háttað ásamt því að vera upplýsandi, hnitmiðuð og notendavæn.

Mannauðsstefnan er með árangursmælikvörðum.

Mannauðsstefnan vísar í starfsmannahandbók til nánari upplýsinga. Hún er ætluð til að auðvelda starfsfólki störf sín við að veita góða þjónustu og blómstra í starfi. Mannauðsstefnan er lifandi og tekur breytingum í takt við nýja tíma, nýtt verklag eða áherslur í umhverfinu.

Mannauðsstefnan felur í sér uppbyggjandi og heilbrigt vinnuumhverfi þar sem sérstaklega er lögð áhersla á fimm meginþætti.

Rétt fólk á réttum stað

Starfsfólk blómstrar í starfi þar sem hæfni, reynsla og þekking starfsfólks fær notið sín.



Velliðan og öryggi

Starfsánægja, öryggi og heilsuefning eflir velliðan í starfi.



Fólk,
fagmennska og
samstarf er
grunnur að
árangri og
velliðan.

Samstarf og samskipti

Góð samskipti, traust og virkt samstarf er grunnur að jákvæðu starfsumhverfi.



Fagmennska og þekking

Fræðsla og starfsþróun stuðla að starfsánægju, fagvitund og nýsköpun.



Skilvirkni og þjónusta

Nútímalegir starfshættir og góð upplýsingamiðlun stuðlar að betri þjónustu.



Rétt fólk á réttum stað

Starfsfólk blómstrar í starfi þar sem hæfni, reynsla og þekking þess fær notið sín

Markmið

- Faglegt og gagnsætt ráðningarferli
- Góð móttaka og samskipti við starfsfólk
- Markviss starfsþróun og efling mannauðs

Verkfæri og stuðningsaðgerðir

- Nýliðafræðsla
- Lifandi og skýrar starfslýsingar
- Mannauðskannanir og starfsmannasamtöl
- Jafnlaunavottun og gæðahandbók jafnréttismála

Mælingar

Hlutfall ráðninga sem uppfylla hæfnikröfur, starfsmannavelta, þátttaka í nýliðafræðslu, mannauðskönnun á árangri, móttaka starfsfólks, árangur jafnlaunavottunar, fjöldi og hlutfall starfsmannasamtala.



Vellíðan og öryggi

Starfsánægja, öryggi og heilsuefling eflir vellíðan í starfi

Markmið

- Heilsusamlegt og öruggt vinnuumhverfi
- Stuðningur við andlega og líkamlega heilsu
- Traust og jákvæð samskipti

Verkfæri og stuðningsaðgerðir

- Öryggisnefnd og áhættumat vinnustaða
- Heilsustyrkur og heilsueflandi vinnustaðir
- EKKO málefni og persónuvernd
- Samstarf við heilsueflandi fyrirtæki og félög

Mælingar

Skýrslur úr áhættumati, fjöldi EKKO-mála, fjöldi heilsustyrkja, fjöldi bólusetninga, þátttaka í heilsumati og heilsutengdum verkefnum, niðurstöður úr mannauðskönnunum.



Samstarf og samskipti

Góð samskipti, traust og virkt samstarf er grunnur að jákvæðu starfsumhverfi

Markmið

- Jákvæð og uppbyggileg samskipti
- Efla teymisvinnu vinnustaða
- Efla virðingu og traust í samskiptum

Verkfæri og stuðningsaðgerðir

- Samskiptasáttmálar og innri starfsmannavefur
- Starfsmanna- og þróunarsamtöl
- Fræðsla um heilbrigð samskipti og teymisvinnu

Mælingar

Fjöldi starf- og þróunarsamtala, eftirfylgni samtala, mæling á virkni starfsmannavefs, þátttaka í fræðsluefni um samskipti, virkni og fjöldi teyma á vinnustöðum.



Fagmennska og þekking

Fræðsla og starfsþróun stuðla að starfsánægju, fagvitund og nýsköpun

Markmið

- Tilgangur og ábyrgð starfa eru skýr
- Efla nýsköpun í starfi
- Þjónustumiðað viðhorf
- Efla stjórnendafræðslu

Verkfæri og stuðningsaðgerðir

- Starfslýsingar eru fyrir öll störf
- Fræðsluvefur í stöðugri þróun og virkni
- Fræðsluáætlun sem byggir á greiningu
- Sveigjanleiki og stuðningur til náms
- Leiðtogskóli
- Starfsþróunarsamtöl
- Samstarf við þekkingarfyrirtæki og félög

Mælingar

Skýrslur úr fræðslukerfi, þátttaka í fræðsluáætlun, fjöldi starfslýsinga, fjöldi námstækifæra, kostnaður á starfsmann vegna fræðslu, fjöldi samvinnuverkefna.



Skilvirkni og þjónusta

Nútímalegir starfshættir og góð upplýsingamiðlun stuðlar að betri þjónustu

Markmið

- Efla skilvirka starfshætti í takt við nýja tækni og þekkingu
- Efla upplýsingamiðlun og samstarf
- Auka sjálfbærni og gæði þjónustu

Verkfæri og stuðningsaðgerðir

- Þátttaka í stafrænni vegferð sveitarfélaga
- Endurskoða og einfalda verkferla
- Hugmyndasamkeppni um einföldun ferla
- Hvatningaverðlaun fyrir bættri þjónustu
- Þjónustukannanir
- Stafrænar lausnir og upplýsingakerfi
- Ákvarðanir byggja á tölfræði og greiningum

Mælingar

Fjöldi umbótaverkefna, fjöldi nýrra stafrænna lausna, þjónustukannanir, biðtími þjónustu eftir vinnustöðum og fjöldi erinda eftir vinnustöðum.



Mannauðsstefnan er unnin í samræmi við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbærni

